

HAFNARFJÖRÐUR

**Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags
á reit sem er frá
Arnarhrauni í vestur-norður, Álfaskeiði í suður og austur, og
Flatahrauni í austur, þar sem það mætir Arnarhrauni.**



Katrín Gunnarsdóttir

fornleifafræðingur Ma

18 _____ **Byggðasafn Hafnarfjarðar 2011**

Fornleifaskráning

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	3
Fornleifar. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar.....	5
Sögulegt yfirlit	8
Niðurstöður:.....	10
Heimildaskrá:	11
Fornleifaskrá	12

Inngangur

Efni: Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit, sem takmarkast af Arnarhrauni í vestur-norður, Álfaskeiði í suður og austur, og Flatahrauni í austur, þar sem það mætir Arnarhrauni.

Að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs var óskað eftir því við Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing að skrá fornleifar á ofan nefndu deiliskipulagssvæði.

Skráðar fornleifar eru færðar inn í gagnagrunn Byggðasafns Hafnarfjarðar, Fornleif.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á áður nefndu deiliskipulagssvæði.

Fornleifaskráning á vettvangi fór fram í september 2011.

Fornleifar á skráningarsvæðinu eru númeraðar frá 13-28

Númer á eftir "Heiti" eru vinnunúmer skrásetjara.

Deiliskipulagssvæðið er í Garðalandi.

Lofthmyndakortagrunnur fenginn hjá Skipulags-og byggingarsviði Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir og teikningar: Katrín Gunnarsdóttir.

Þakkir til Jónatans Garðarssonar fyrir veitta aðstoð við skráninguna.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar afverbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki afmanna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar[...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.),

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagr þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifur inniheldur* fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifa* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. Ísnet 93 hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdrátta og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins og telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

Fornleifur veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

Númer jarðar.

Í Jarðatali J Johnsen¹ frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Jörðin fær það númer í gagnagrunni Byggðasafnsins. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undirnúmer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar.

Landareign og númer landareignar.

Gildið **Landareign** á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið **landsnúmer** sem fært er inn í gagnagrunninn. Fyrir fyrirhugað deiliskipulagssvæði í Sléttuhlíð eru mörg númer, þar sem landið skiptist á milli margra eigenda. Því er ekki skráð inn neitt heildarnúmer fyrir svæðið.

Aldur.

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum: **-1550, 1550-1900 og 1900-**. Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé **ártal** hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

Sérheiti.

Hafi fornleif ákveðið **heiti** er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

GPS staðsetning.

Samkvæmt vinnureglu er **GPS hnit í kerfinu Ísnet 93** tekið sem næst miðju fornleifar og hnitíð fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

Ástand.

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: **Ágætt** ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, **Sæmilegt** ef fornleif er nokkuð heilleg, **Lélegt** ef fornleif er mikið röskuð og **Horfin** ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

Hættumat.

¹ J.Johnsen 1847.Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: **Ábúð, Nýbyggítigar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngufólk, Landbrot.**

Hætta.

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: **Mikil, Talsverð, Lítil og Engin.** Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafua liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

Tegund minja.

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

Friðlýsing.

Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í Skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðuðu hafi átt sér stað.

Minjagildi.

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: **Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert.**

Lega og staðhættir.

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til **legu og staðháttu**, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kotagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

Lýsing.

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, veggjahæð, steinastærð í hleðslum, ásamt einkennandi þáttum og almennu ástandi á skráðri fornleif.

Athugasemdir.

Inn í **athugasemdir** eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna.

Heimildir.

Vísað er til **heimilda** um hverja fornleif fyrir sig, jafut ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleitinni eða því svæði sem hún liggur á.

Ljósmyndir.

Myndreitir eru til innskönnunar fyrir myndir. Myndtexti segir til um í hvaða átt mynd er tekin, og annað sem er auðkennandi fyrir viðkomandi fornleif.

Teikningar.

Við skráningu fornleifa á vettvangi er viðkomandi fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti og er jafnan er stuðst við niðurstöður áttavita. Sé fornleif mæld upp er þess sérstaklega getið í texta með teikningunni.

Sögulegt yfirlit

Árið 1307 eru fyrstu heimildir um Garða, en það er réttur til rekafjöru í landi Garða.: 1307,,ad stadur j Gördum a Alftanese ætte allann vidreka og hvalreka frá Ranganiogre ig (i) Leitu kvenna bása ad kalftiominga fiouru"DI II, 362.¹

Árið 1367 var staðurinn 61 hndr og átti kirkjan allt heimalandið DI III, 220.² 1397 Á staðurinn afrétt í Múlatúni.³

1558 Var kirkjujörðin Hlíð lögð til Bessastaða, en Garðar fengu í staðinn Vitilstaði DI XIII 317.⁴ 1697 var staðurinn 60 hndr.

Hafnarfjörður á 16 ha þríhyrning úr landi Garða frá gömlu markalínunni í átt að Álftanesvegi, þar sem nú stendur hluti af norðurbænum í Hafnarfirði.

Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Amarneslæk sem ræður til sjávar. Ö-Garðahverfi 2.⁵

Jarðabók 1703. Garðar. Kirkjustaður, í eigu kirkjunnar.

Jarðardýrleiki hefur verið óviss allt til ársins 1697, en þá er staðarins getið og er hann metinn af sex mönnum sem valdir hafa verið til matsins af prófastinum í Kjalarnessþingi og sýslumanninum í Gullbringusýslu eftir tilmælum frá amtmanninum. Staðurinn er þá virtur 60 hndr. að dýrleika.

Ábúandi er staðarhaldarinn Sr. Ólafur Petursson prófastur í Kjalarnessþingi.

Landskuld er engin. Fyrirgreindir sexmenningar hafa áætlað að leiga fyrir jörðina væri tveir hundruðustu.

Leigukúgildi engin.

Annars á kirkjan 20 kúgildi, þar af eru sum þeirra í leiguburði á kirkjunnar jörðum og líka á hjáleigum í kringum staðinn.

Bústofn er fjórar kýr, og sú fimmta er leigukýr, ein kvíga þriggja vetra, mjöltuð í tvo vetur geld, 32 ær., einn sauður tveggja vetra, 18 veturgömml lömb, 20 lömb, einn hestur, þrjú hross. Tveir tveggja vetra folar.

Hægt er að fódra fimm kýr og einn hest ríflega. Heimilsmenn eru 15.

Selstöðu (sel) á staðurinn þar sem heitir Kaldá. Þar eru bæði haga og vatnsból góð. Skóg á staðurinn, og er hann notaður til kolagerðar, en er mjög eyddur. Móskurður til eldiviðar hefur verið nægur, en fer í þurrð og verður þá erfiður. Fjörugrastekja nægjanleg.

Rekavon í minnsta lagi og nær engin, en fjöruskilyrði fyrir reka. Sölvafjara bæði góð og mikil. Hrognkelsafjara gagnleg.

Skelfiskfjara er notuð til beitu en margir sækja í hana og gengur því á hana.

Heimræði (róðrar) er allt allt árið og er lending góð. Róðrar voru fengsælir þegar fisk var að fá í Hafnarfirði. Hér ganga skip staðarhaldara allt árið eftir því sem þurfa þykir. Ent, n aðkomubátar hafa verið hér nýlega, en geta þó verið hér, þar sem varir eru margar.⁶ JÁM III bls. 180-181.

¹ DI II, 362.

² DI III, 220.

³ 1397?

⁴ DI XIII 317

⁵ Örnefni Garðahverfi, 2. Örnefnastofnun Íslands.

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III, bls. 180-181. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðatal J. Johnsens frá 1847.

Samkvæmt jarðatalinu hefur jörðin númerið 185. Jörðin er kirkjujörð. Dýrleiki er 40. Landskuldr er 2.0. Kúgildi 1. Ábúendur er prestur.

Í skýringum segir: Á.M. einn segir frá dýleika á Görðum, og segir hann að þar sé 20 kúgildi en jarðabók 1760 telur landskuldr og kúgildi sem hér segir. Jarðabók 1803 ein, nefnir Hól sem hjáleigu.⁷

Saga Hafnarfjarðar: Árið 1911 fól Bæjarstjórn Hafnarfjarðar landakaupanefnd að hefja á ný samninga við staðarhaldarann á Görðum um kaup á þeim hluta Garðakirkjulands sem var innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, og öðru því landi sem umsamdist. Orðalagið bendir til að landakaupanefndin hafi áður verið í viðræðum um kaup á umræddu landi, en án árangurs. Vorið 1912 gafprófasturinn í Görðum, Jens Pálsson Hafnarfjarðarbæ kost á að kaupa nokkuð af því landi sem bærinn stóð á og einnig nokkurt beitoland fyrir samatals 52.000 kr. Bæjarstjórn fól fasteignanefnd að leita eftir kaupum á land þessu samkvæmt áðurnefndum tillögum prófasts.

Alþingi heimilaði þessi landakaup með lögum nr. 13, frá 22. október 1912. Í grein þeirri segir svo: Landstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju sunnan og vestan þessara marka.

1. Bein lína úr Balaklöpp við vesturenda Skerseyrarmalar í veg inn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur þar sem hann fer að fara lakkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunholti, nálægt í hásuður frá bænum spölkorn frá hraunjarðinum.
3. Úr Hádegishól bein lína í miðaftanshól sem er gamalt miðaftansmark miðað frá Vífilstöðum; - þá tekur við:
4. Urriðakostland; þá
5. Setbergsland allt til Lækjarbotna og loks
6. Selvogsmanna -eða Grindaskarðsvegur.

Innifalið í þessum kaupum var Hamarskot, en undaskilið var Hamarskotstún innan girðingar og Undirhamarstúnblettur. Var gert ráð fyrir að presturinn hefði þar grasnytjar ef hann flyttist til Hafnarfjarðar. Árið 1927 skoraði bæjarstjórn Hafnarfjarðar á þingmenn Gullbringu og Kjósasýslu að flytja frumvarp á næsta Alþingi um að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi það land sem Garðakirkja átti í miðjum bænum. Var það gert með það í huga að komið að tillögu skipulagsnefndar ríkisins sem á skipulagsuppdætti hafði gert ráð fyrir að á Hamarskotstúni yrði skemmtigarður. En Undirhamarstún var ætlað til bygginga meðfram aðalgötu bæjarins. Alþingi samþykkti frumvarp um söluna á umræddu landi Garðakirkju 7. Maí 1928. Og bærinn keypti landið árið 1930 fyrir 12.000 kr.⁸

Náttúrufar og jarðabætur.

1703 Jarðabók: Úthagar nálægt heimastaðnum eru bæði þröngvir og snögglendir" JÁM III, 181. Skráningarsvæðið er í þeim hluta Garða sem var hluti af Garðakirkjulandsins hins gamla og tilheyrði síðan kaupmannslóðunum og kotjörðunum sem voru keyptar afkirkjunni smátt og smátt. Kotungar í Hafnarfirði fengu að nýta hraunbollana og þarna komu þeir sér upp matjurtargörðum, byggðu lítil fjárhús, hæsnakofa og sitthvað fleira

⁷ J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi, bls. 92

⁸ Asgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar I. Bls. 102, 104, 105

⁹ Jónatan Garðarsson, heimildarmaður í september 2011.

Niðurstöður:

Við jarðrask geta alltaf komið upp áður óþekktar fornleifar.

Í Þjóðminjalögum frá 2001 nr. 107, 31. maí, 13. gr segir: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Loftmynd frá 1960 sýnir skráningarsvæðið og þar er komin húsaröð beggja megin við Amarhraun, og Erluhraun sem er þá er að byggjast. Þá sjást einstaka byggingar á við og dreif um svæðið, ásamt fisktrönum sem hafa verið margar á þessu svæði.

Fyrir þann tíma var svæðið m.a. nýtt til ræktunar, bæði á stórum og smáum reitum í hraunbollum sem þarna er að finna. Á reitum sem er á mótum Amarhrauns og Álfaskeiðs er m.a. hleðslur sem afmarka matjurtagarð nr. 13, reitir til ræktunnar eru nr. 15, 16, 19. Þar eru einnig garðlögum til afmörkunnar svæðis nr. 14, 17, 18. Við uppbyggingu á svæðinu um 1960 var þessi reitur skilin eftir, og hefur ekki verið raskað við honum fram að þessu, og ekki ástæða til að breyta því. Enda yrðu þá þær hleðslur sem þar eru í hættu og svæðið sem slíkt fallegt í umhverfi sínu.

Svæði sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Amarhraun og Smyrlahraun og við endahúsa Þrastarhrauns. Um svæðið liggja göngustígar um hraunlandslag. Á þessu svæði er m.a. að finna jarðfall sem er um 40 m langt og liggur austurvestur. Í jarðfallinu er að finna merki um fjárbúskap, en við vesturenda jarðfallsins er hleðsluveggur nr.21 og um 10 m í austur eru leifar hleðsluveggs sem hefur lokað jarðfallinu og á milli þessara veggja hefur verið hökkvið inn í norðuhlið jarðfallsins stöðull. nr.20. Annað sem tengist fjárbúskap eru hleðslur sem loka afþröngri gjá á milli kletta nr.24 ... Þá má ætla að hleðslur sem hlaðnar eru fyrir smá klettskúta nr. 25 tengist fjárbúskapnum.

Á þessu svæði eru einnig reitir sem notaðar hafa verið til ræktunnar, nr 22, 23.

Þá eru hleðslur nr. 26 sem eru afmarkandi í landinu, og þar er nú trjágróður.

Þar sem nú hafa verið lagðir stígar um þetta óbyggða svæði, er ekki ástæða til að ætla að þarna verið meira rask. Ættu þær fornleifar sem þarna eru ekki að vera í beinni hættu.

Á óbyggðu svæði sem að liggja baklóðir á Haukahrauni, Svöluhrauni, Mávahrauni og Álfaskeiði, eru hleðslur nr. 28 sem hlaðnar hafa verið á milli kletta í smá gjá, og hafa verið ágætis hólftil ræktunnar, ásamt hleðsluvegg nr. 27 í djúpum skjólgóðum hraunbolla. Svæðið hefur verið látið halda sér sem opið svæði og ekki stendur til að gera neinar breytingar á því. Ættu þær fornleifar sem þar eru ekki að vera í hættu.

Samantekt

Á skráningarsvæðinu eru fornleifar ekki í beinni hættu vegna framkvæmda, þar sem ekki liggur fyrir að hrófla eigi við viðkomandi opnum svæðum. Efbreyting verður þar á vegna einhverra óþekktra aðstæðna, þarf að gera það í samráði við Fornleifavernd ríkisins, þar sem á svæðinu eru fornleifar sem ber að varðveita.

Heimildaskrá:

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III, bls. 180-181. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar I. Bls. 102,104.105

DI: Islenskt fornbréfasafn I-XVI Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.DI II, 362.J.Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi, bls. 92. Kaupmannahöfn 1847.

Jónatan Garðarsson, heimildarmaður í setrmber 2011.

Örnefni Garðahverfi, 2. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildarmaður:

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2,220 Hafnarfjörður.

Viðtal, og óútgefnar heimildir í september 2011.

Forsíðumynd: Horft til norðurs að ræktunarreit á svæði sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Amarhraun og Smyrlahraun og við endahúsa Þrastahrauns. Um svæðið liggja göngustígar um hraunalandslag.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar
185/13

Heiti.....Matjurtagarður 10
Tegund.....Garðalag
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit..... N°: ‘ W°: ‘
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir
Við norðausturhornið, þar sem Amarhraun og Álfaskeið mætast, er grasivaxið svæði með hraunklettum og gróðri. Frá austurhlíð svæðisins er afmarkað svæði sem er umgirt túngarði.


Lýsing
Hraunklettar og hleðslur á milli þeirra afmarka túngarðinn. Austur- og vesturhlíð eru 12-13 m langar, en suður og norðurhlíð um 25-30 m. Hleðsluhæð á norðurhlíð er allt að 1.20 m, en aðrar hleðslur lægri. Veggjaþykkt er allt að 1 m. Innan við suðausturhorn garðsins er grasívaxin afmörkun sem er um 0.40 m neðar en landið í kring. Grasivaxið er innan garðsins. Steinastærð um 0.25-0.40 m.

Athugasemdir
Ísnet: 93:
399.632.02
356.037.09

Heimildir



Horft til vesturs eftir garðinum.



Matjurtagarðurinn

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar
185/14

Heiti.....Garðlag 11
Tegund.....Garðalag
Hlutverk.....Túngarður
Gps-hnit..... N°. ' W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Frá áður nefndum túngarði m. 10 liggur hlaðinn garður frá norðausturhorni hans, við baklóðir húsanna við Erluhraun 2b og 6.

Lýsing

Lýsing: Garðurinn er 20 m langur, hleðsluhæð um 0.50 m. Veggjaþykkt er allt að 1 m. Steinastærð um 0.25-0.40 m.

Athugasemdir

Ísnet 93.

399.661.10
356.304.30

Heimildir



Horft eflir garðinum til norðvesturs

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar

185/15

Heiti.....Reitur 12
Tegund.....Garðalag
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N°. ' W°. '
Aldur.....1150- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Við norðausturhornið, þar sem Amarhraun og Álfaskeið mætast, er grasivaxið svæði með hraunklettum og gróðri. Hleðslan er norðan undir 3-4 m háum hraunkletti sem er sunnan við lóðamörk Erluhrauns 2b og Amahrauns 41.

Lýsing

Hleðsluveggir reitsins hafa hrunið, en eru þó nokkuð vel afmarkaðir. Hleðsluhæð á vesturhliði er um 0.60 m. Á austurhliði er hleðslan hlaðin utan í náttúrulega steina sem eru um 0.70 á hæð, en hleðslan að þeim er um 0.50 m. Endaveggur er hlaðirn irn í hæðina, og er um 0.50 m á hæð. Veggjaþykkt er allt að 1 m. Steinastærð um 0.25-0.40 m.

Athugasemdir

Ísnet: 93.


399.648.81

356.278.18

Heimildir



Horft til austur.



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar
185/16

Heiti.....Reitur 13
Tegund.....Garðalag
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N°. ‘ W°. ‘
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Stíðhættir: Við norðaustur hornið, þar sem Amarhraun og Álfaskeið mætast er grasivaxið svæði með hraunklettum og gróðri. Tóftin er norðan undir 3-4 m háum hraunkletti sem er sunnan við lóðamörk Erluhrauns 2b og Arnahrauns 41. Um 2 m í austur fer nr. 15 sem er reitur.

Lýsing

Hleðsluveggir sem ekki eru vel afmakaðir. Hleðslan liggur í halla um 3 m frá brún klettsins. Hleðsluhæð er um 1 m. Innan hleðslunnar er mosavaxið. Steinastærð er um 0.25-0.40 m.


Athugasemdir

Ísnet 93:
399.654.91
356.283.56

Heimildir



Horft til suðsuðvesturs.



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar

185/17

Heiti.....	Garðlag 14
Tegund.....	Garðalag
Hlutverk.....	Túngarður
Gps-hnit.....	N° : W° :
Aldur.....	1550- 1900
Ástand.....	Sæmilegt
Hættumat.....	Ábúð
Hætta.....	Lítill
Minjagildi.....	Talsvert
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

Við norðausturhornið, þar sem Amarhraun og Álfaskeið mætast, er grasivaxið svæði með hraunklettum og gróðri. Sunnan við húsið Amarhraun 41 er grasivaxin brekka, og undir henni er garðlag sem liggur eftir brekkurnú í austur - vestur.

Lýsing

Garðlagið liggur í austur-vestur og er hlaðið inn í brekkuna Hleðsluhæð að vestan er um 0.60 m, en lækkar til austurs og er þá um 0.20 m. Steinastærð er um 0.25-0.40 m.


Athugasemdir

Ísnet 93.
399.650.85
356.266.97

Heimildir



Horft yfir garðinn til norðurs.



Garðlagið.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
185/18

Heiti.....Garðlag 10
Tegund.....Garðalag
Hlutverk.....Fyrirhleðsla
Gps-hnit..... N°. ‘ W°. ‘
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Léleg
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Við norðaustur hornið, þar sem Amarhraun og Álfaskeið mætast er grasivaxið svæði með hraunklettum og gróðri. U.þ.b. frá húsunum sem eru vestan við Amarhraun 44 og 46 er garðlagið um 5 m austan við Amarhraun.

Hleðslur garðlagsins hafa hrunið, hleðsluhæð er 0.25 m, en hleðslusteinar liggja beggja megin þess. Steinastærð er um 0.25-0.40 m.

Lýsing

Garðlagið er hlaðið á milli kletta sem lokar af og afmarkaðar svæðið þar sem fornleifar 11, 12, 13 og 14 eru innan svæðisins.

Hleðslur garðlagsins hafa hrunið, hleðsluhæð er 0.25 m, en hleðslusteinar liggja beggja megin þess. Steinastærð er um 0.25-0.40 m.

Athugasemdir

Ísnet 93.
399.635.39
356.269.70

Heimildir



Horft í vestur.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar
185/19

Heiti.....Reitur 16
Tegund.....Garðalag
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N°: ‘ W°: ‘
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir
Við norðausturhornið, þar sem Amarhraun og Álfaskeið mætast, er grasivaxið svæði með hraunklettum og gróðri. Reiturinn er norðan undir hraunklettum um 20 m í norður frá suðvesturhorni svæðisins.


Lýsing
Tóftin er hlaðin á milli klettaveggja austan er hann um 3-4 má hæð, og og að vestan um 1m á hæð. Hleðlsuhæð reitsins er um 0.50 m. Steinastærð er um 0.25-0.50 m. Grasivaxið er innan hennar. Mótar fyrir inngangi í vestur.

Athugasemdir
Ísnet 93.
399.670.10
356.285.94

Heimildir



Horft til norðurs,,



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/20

Heiti.....	Stöðull 17
Tegund.....	Niðurgröftur með hleðslu
Hlutverk.....	Stöðull
Gps-hnit.....	N°: ‘ W°: ‘
Aldur.....	1550- 1900
Ástand.....	Sæmilegt
Hættumat.....	Ábúð
Hætta.....	Lítill
Minjagildi.....	Hátt
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

Frá enda Þrastahrauns um 30 m eftir göngustíg sem liggur til norðvesturs er jarðfall sem liggur austur-vestur. Stígurinn liggur í gegnum óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Alfáskeið og Smyrlahraun.

Lýsing

Frá áður nefndri fjarlægð eftir göngustíg, er jarðfall í landinu sem liggur austur-vestur. Jarðfallið er um 40 m langt, um 5-6 m frá vesturenda þess er höggvið hólf, stöðull, inn í norðurhlið þess. Hólfíð er um 3 m langt og 1 m á breidd, og um 1 m á dýpt fremst, en um 0.50 m innst. Ytri brúnir hólfins renna saman við landið í kring sem er grasvaxið. Undir grassverðinum liggur einföld röð hleðslusteina. Steinastærð um 0.25-0.30 m. Fyrir framan stöðullinn inni í jarðfallinu er hraunsteinabreiða um 1m².

Athugasemdir

Frá stöðlinum er um 5-6 m að enda jarðfallsins þar sem er hleðsluveggur, sem afmarkar svæðið frá stöðlinum að hleðsluveggnum.

Ísnet 93.


399.838.29

356.333.85

Heimildir



Horft í norður.



Stöðullinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar

185/21

Heiti.....Stekkur 18
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Stekkur
Gps-hnit..... N°. ' W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Lélegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Frá enda Prastahrauns um 30 m eftir göngustíg sem liggur til norðvesturs er jarðfall, um 40 m langt sem liggur austur-vestur. Stígurinn liggur í gegnum óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Amarhraun og Smyrláhraun.

Lýsing

Við vesturenda jarðfallsins er hleðsluveggur sem hlaðinn er inn í landið. Hleðsluhæð er um 1.20 m. Út frá endaveggnum eru hleðslur sem hafa hrunið og þekja svæðið fyrir framan endaveggjarhleðsluna. Hleðsluhæð þeirra er um 0.25-0.50 m. Frá vesturvegg jarðfallsins er um 5 m að stöðlinum og frá stöðlinum er 3 m að austurvegg sem lokað hefur að stekknun. Hleðsluvegurinn er hrúnn, lögun hans nokkuð óljós. Hleðsluhæð um 0.40 m. Steinastærð um 0.25-0.50 m.

Athugasemdir

Frá hleðsluveggnum að stöðlinum eru um 5 m.


Ísnet 93.

Vesturenda:	Austurendi:
399.834.81	399.832.73
356.328.25	356.338.83

Heimildir



Horft í vestur.



Stekkurinn, ásamt stuðlinum.

Fornleifaskrá

Byggðasafn
Hafnarfjarðar
[museum@hafnarfjordur](mailto:museum@hafnarfjordur.is)
[.is](http://hafnarfjordur.is)

Garðar
185/22

Heiti.....Reitur 19
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N° : W° :
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir
Frá enda Þrastahrauns um 30 m eftir göngustíg sem liggur til norðvesturs er jarðfall, um 40 m langt sem liggur austurvestur. Stígurinn liggur í gegnum óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Ainarhraun og Smyrlahraun. Um 2-3 mínorður frá austurendajarðfallsins er garðlag sem liggur sunnan undir hraunkletti.


Lýsing
Garðlagið liggur í sveig við hraunklettinn, og afmarkar svæði upp að honum.
Hleðsluhæð 0.40 m. Steinastærð 0.40-0.60 m. Grasivaxið er innan hleðslunnar að klettinum.

Athugasemdir
Ísnet.93.
399.836.07
356,324.10

Heimildir



Horft yfir reitinn til austurs.



Reiturinn

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar
185/23

Heiti.....Reitur 20
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N°: ‘ W°: ‘
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir
Reiturinn er frá enda Þrastarhrauns um 150 m eftir göngustíg sem liggur til norðvesturs og síðan til vesturs, þá um 20 í suður þar sem hleðslan er austan við vik í klettum. Göngustígurinn liggur í gegnum óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Amarhraun og Smyrlahraun. Þessi stígur endar úti við Amarhraun á milli húsa nr. 27 og 29.


Lýsing
Reiturinn er hlaðið fyrir framan vik við klettavegg. Vesturveggur klettanna er um 2-3 m hár, en endaveggur um 2 m og austurveggur um 1 m. Hleðsluhæð er um 0.25 á hæð. Svo virðist sem nýrri einföld hleðsla hafi verið lögð yfir hleðslusteina sem liggja neðst.

Athugasemdir
Ísnet.93.
399.838.47
356.286.34

Heimildir



Horft til norðurs að reitnum.



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/24

Heiti.....Fyrirhleðsla 21
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Fyrirhleðsla
Gps-hnit..... N°: ' W°: '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Um 60 m í austur frá göngustíg, sem liggur á núlli húsana nr. 27 og 29 við Amarhraun. Þá um 4-5 m í suður er fyrirhleðslan á núlli kletta.

Göngustígurinn liggur í gegnum óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Amarhraun og Smyrlahraun.

Lýsing

Fyrirhleðslan er hlaðin á milli tveggja metra hárra kletta sem liggja í norður-suður. Á núlli þeirra er um 1 m breitt bil. Hleðsluhæð við norðurenda er um 0.30 m og veggjaþykkt um 1 m. Hleðslan við suðurenda er 0.50 m há hæð, og veggjaþykkt um 2 m.

Athugasemdir

Ísnet.93.

399.831.99

356.269.20

Heimildir



Horft til norðurs yfir fyrirhleðsluna

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
185/25

Heiti.....Fyrirhleðsla 22
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Fjárhald
Gps-hnit..... N°: ‘ W°: ‘
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Um 100 m í austur frá göngustíg sem liggur á milli húsannam. 27 og 29 við Amarhraun. Þá um 4-5 m í suður þar er fyrirhleðslan.
Göngustígurinn liggur í gegnum óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsa við Erluhraun, Svöluhraun, Álfaskeið, Amarhraun og Smyrlahraun.

Lýsing

Fyrirhleðsla fyrir hellisskúta. Hæð skútans er um 1.10 m og lækkar inn í skútann.
Frá skútanum að hleðslunni eru um 2-3 m. Hleðsluhæð er um 0.60 m, veggjaþykkt um 1 m.
Inngangur er fyrir miðri hleðslu.
Svo virðist sem nýlegum steinum hafi verið bætt í hleðsluna. Af hleðsluhæðinni sem er um 0.60 m, er þessi nýja hleðsla um 0.30-0.35 m. Steinastærð 0.20-0.40 m.


Athugasemdir

Ísnet.93.
399.842.97
356.293.86

Heimildir



Horft til austurs að fyrirhleðslunni.



Fyrirhleðslan.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar

185/26

Heiti.....	Garðlag 23
Tegund.....	Garðlag
Hlutverk.....	Hleðslukantur
Gps-hnit.....	N° : W° :
Aldur.....	1550- 1900
Ástand.....	Ágætt
Hættumat.....	Ábúð
Hætta.....	Lítill
Minjagildi.....	Talsvert
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

Við lóðamörk á baklóð við Erluhraun 3.

Lýsing

Garðlagið er hleðslukantur sem liggur í smá sveig í landinu og styður við landið ofan hans. Hann liggur í austur-vestur. Kanturinn er um 10 m langur. Þá kemur rof í kantinn þar sem er stígur um 1 m breiður, og þá heldur kanturinn áfram og er um 5-6 langur. Hleðsluhæð 0.50 m.


Athugasemdir

Ísnet.93.
399,774.60
356.302.98

Heimildir



Horft suður að suðausturhluta hleðslunnar.



Garðlagið með stígnum fyrir miðju.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar
185/27

Heiti.....	Reitur 24
Tegund.....	Garðlag
Hlutverk.....	Ræktun
Gps-hnit.....	N°: ‘ W°: ‘
Aldur.....	1550- 1900
Ástand.....	Ágætt
Hættumat.....	Ábúð
Hætta.....	Lítill
Minjagildi.....	Talsvert
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir
Garðlag í djúpri hraungjótu norðan við húsið sem stendur við Álfaskeið nr. 121.


Lýsing
Lýsing: Garðlagið er um 6 m langt og liggur í norður-suður. Hleðsluhæð er um 0.60 m.
Steinastærð 0.40-0.60 m.

Athugasemdir
Ísnet 93.
400.044.08
356.397.05

Heimildir



Garðlagið fyrir miðju þvert yfir myndina.Horft í suður.



Garðlagið til hægri

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
185/28

Heiti.....Reitur 25
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N°: W°:
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Já

Staðhættir
Á óbyggðu svæði sem að liggja baklóðir á Haukahrauni, Svöluhrauni, Mávahrauni og Álfaskeiði. Á hæðardragi sem liggur hæst í landinu og vestan við húsin við Álfaskeið nr. 119 og 121. Garðhleðslan er hlaðin á milli kletta.


Lýsing
Á hæðardraginu er klofið klettabelti um 3 m breitt sem liggur norður-suður. Austurhlið klettsins er um 1.60 m á hæð, en vesturhlið hefur náttúrulega steina og hleðslur til að loka afhólfinu. Þar er líka inngangur í hólfið, hleðsluhæð 0.25 m. Hleðsla að norðan er um 1 m við vesturhlið, en lækkar niður að jörðinni við austurhlið. Hleðsla á suðurhlið milli klettaveggja er um 0.50 m.

Athugasemdir
Ísnet 93.
400.046.06
356.385.04

Heimildir



Horft til suðsuðausturs yfir hleðsluna



Reiturinn.